

Alþingi
b.t. nefnda- og greiningarsviðs
Kirkjustræti
101 Reykjavík

26. apríl 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar) – 916. mál á 154. löggjafarþingi

Vísað er til [umsagnar](#) Akta sjóða hf. (hér eftir nefnt „Akta“ eða „félagið“) við drög að frumvarpi til breytinga á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar), dags. 18. mars sl.

Vill Akta ítreka og leggja áherslu á megininntak umsagnar félagsins. Nánar tiltekið, mikilvægi þess að jafnræðis rekstrarfélaga verðbréfasjóða og rekstraraðila sérhæfðra sjóða, sem ekki eru jafnframt vörsluaðilar séreignarsparnaðar, verði gætt hvað varðar aðgengi rétthafa að þeim fjárfestingarkostum sem framlagt frumvarp, lagt fram á 154. löggjafarþingi 2023-2024, þingskjal 1361 – 916. mál (hér eftir nefnt „frumvarpið“), gerir ráð fyrir.

Í því sambandi veitir félagið því upp hvort áréttu mætti, í lagaákvæðinu sjálfu eða lögskýringargögnum sem fylgja frumvarpinu, að vörsluaðilum séreignarsparnaðar, sem á annað borð bjóði eða hyggist bjóða rétt höfum að nýta sér auknar heimildir til ávöxtunar á séreignarsparnaði til samræmis við frumvarpið, **beri** að verða við óskum rétthafa séreignarsparnaðar um val á fjárfestingarkostum. Heimild vörsluaðila skv. frumvarpinu snúi þannig eingöngu að því hvort þeir kjósi að bjóða upp á fjárfestingarleið þá sem frumvarpið gerir ráð fyrir eður ei; ekki að því í hvaða sjóðum rétthafi getur valið að fjárfesta í innan þess sem heimilt er skv. frumvarpinu. Vörsluaðilum væri þá sem dæmi ekki heimilt að samþykkja tiltekna sjóði umfram aðra, að því gefnu að sjóðirnir uppfylli lögbundin skilyrði skv. frumvarpinu.

Ljóst er að það væri afar samkeppnishamlandi fyrir smærri aðila á markaðnum ef vörsluaðilum séreignarsparnaðar væri gefinn kostur á að útiloka tiltekna sjóði með þessum hætti. Þótt ráða megi af frumvarpinu að það sé ekki ætlun löggjafans er mikilvægt fyrir smærri aðila á markaðnum að ekki sé nokkur vafi þar um eða svigrúm til þess að túlka frumvarpið með öðrum hætti en að framan er lýst

Félagið telur efnislegt inntak frumvarpsins að öðru leyti jákvætt fyrir bæði fjármálamarkaðinn og rétthafa.

f.h. Akta sjóða hf.

Örn Þorsteinsson, framkvæmdastjóri

Nefndarsvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Kópavogur 26. apríl 2024

Umsögn Almenna lífeyrissjóðsins um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar), 916 mál.

Almenni lífeyrissjóðurinn vill með umsögn sinni koma á framfæri ábendingu um þær breytingar sem orðið hafa frá því drög að frumvarpi voru birt á samráðsgátt í máli nr. S-83/2024.

Í frumvarpinu sem nú liggur fyrir Alþingi er lögð sú skylda á þá aðila sem ávaxta fé að fara með beiðni rétthafa um val á sjóði eða sjóðum í samræmi við 34. og 44.-46. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021, þ.e. ákvæði laganna um fjárfestavernd. Í nefndum ákvæðum eru lagðar umtalsverðar kröfur á verðbréfafyrirtæki um gæði upplýsingagjafar, samninga og einnig um mat á hæfi og tilhlýðileika viðskiptavina sinna og fjárfesta. Almenni lífeyrissjóðurinn beinir því Alþingis að skerpa á orðalagi frumvarpsins þannig að það sé skýrt að það taki aðeins til þeirra vörsluaðila sem bjóða upp á þessa tilteknu fjárfestingarleið sem boðuð er í frumvarpinu, en ekki til annarra fjárfestingarleiða sem lífeyrissjóðir og vörsluaðilar bjóða sjóðfélögum sínum upp á í dag og munu áfram gera.

Tillögur að viðbótum við frumvarpið koma fram í viðauka.

Almenni lífeyrissjóðurinn áréttar að öðru leyti umsagnir sjóðsins í samráðsgátt í málum nr. S-162/2023 og S-83/2024

F.h. Almenna lífeyrissjóðsins
Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri.

Viðauki við umsögn Almenna lífeyrissjóðsins:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 39. gr. b laganna:

- a. Á eftir orðinu „skulu“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: að undanskilinni fjárfestingarleið skv. 5. mgr.
- b. Við bætast tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:

Aðila sem ávaxtar fé sem ætlað er til viðbótartryggingaverndar er heimilt að verða við beiðni rétthafa um að iðgjöldum hans verði í heild eða að hluta varið til að fjárfesta í sjóði eða sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem rétthafi velur. Heimildin tekur til fjárfestingar í verðbréfasjóðum samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, nr. [116/2021](#), tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins [2009/65/EB](#) um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS), sérhæfðum sjóðum fyrir almenna fjárfesta skv. X. kafla laga um rekstraraðila sérhæfðra sjóða, nr. [45/2020](#), og sjóðum sem fengið hafa heimild Fjármálaeftirlitsins skv. 65. gr. sömu laga, peningamarkaðssjóðum samkvæmt lögum um peningamarkaðssjóði, nr. [6/2023](#), og peningamarkaðssjóðum samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) [2017/1131](#) um peningamarkaðssjóði. Hlutir og hlutdeildarskírteini sjóða skv. 2. másl. skulu vera innleysanleg á hverjum tíma að beiðni vörsluaðila. Þá skal aðili sem ávaxtar fé **í samræmi við fjárfestingarleið þessarar málsgreinar** fara með beiðni rétthafa um val á sjóði eða sjóðum í samræmi við 34. og 44.–46. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. [115/2021](#). Að auki er aðila sem ávaxtar fé sem ætlað er til viðbótartryggingaverndar heimilt að verða við beiðni rétthafa um að iðgjöld verði í heild eða að hluta bundin í innlánum.

Texti úr greinargerð, 3. kafli:

Þrátt fyrir að fjárfestingar í þeim sjóðum sem heimilaðar eru samkvæmt frumvarpinu að rétthafi fjárfesti í séu almennt taldar fremur áhættulitlar þykir rétt að kveðið verði á um að vörsluaðili skuli fara með beiðni rétthafa um val á sjóði eða sjóðum í samræmi við tiltekin ákvæði laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. [115/2021](#), sem m.a. mæla fyrir um fjárfestavernd. Jafnframt er í frumvarpinu lagt til að vörsluaðilum verði ekki gert skylt að móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir þá fjárfestingarleið sem frumvarpið fjallar um. Um sértæka fjárfestingarleið er að ræða og vandkvæðum bundið fyrir vörsluaðilann að móta fjárfestingarstefnu fjárfestingarleiðar sem rétthafinn velur sjálfur fyrir lífeyrissparnað sinn. Vörsluaðilar skulu þó áfram útbúa skjal með lykilupplýsingum til samræmis við 3. mgr. 9. gr. laganna. **Með lagabreytingunni verður ekki breyting á skyldum vörsluaðila varðandi aðra fjárfestingakosti en þá sem nefndir eru í 5. mgr. 39. gr. b.**

Um einstaka greinar frumvarpsins:

Um 1. gr. b-lið.

Í b-lið ákvæðisins er í fyrsta lagi kveðið á um að rétthafi séreignarsparnaðar hafi meira valfrelsi eða geti haft meiri áhrif á það hjá vörsluaðila hvornig fjárfestingu iðgjalda hans til séreignar er hagað. Ákvæðið felur í sér að vörsluaðila séreignarsparnaðar verði heimilað að bjóða rétthafa upp á frekari aðkomu að fjárfestingu iðgjalda hans. Tilgreindir eru þeir fjárfestingarkostir sem heimildin tekur til og er um tæmandi talningu að ræða. Ákvæði 1. mgr. leggur ekki skyldu á vörsluaðila að verða við beiðni rétthafa um slíka fjárfestingu bjóði hann ekki upp á fjárfestingarleið ákvæðisins. Þá segir í ákvæðinu að það sé undir hverjum og einum rétthafa komið hversu stóru hlutfalli af iðgjaldi til séreignar hann ver til fjárfestingar í fjárfestingarkostum ákvæðisins en vilji rétthafa kann að standa til að verja iðgjaldi til mismunandi fjárfestingarleiða hjá vörsluaðila. Þá felur ákvæðið í sér að rétthafi getur valið fjölda þeirra sjóða sem hann hyggst fjárfesta í. Því er rétthafa heimilt að óska eftir að fjárfest verði í einum sjóði eða fleirum. Jafnframt er mælt fyrir um í ákvæðinu að vörsluaðila sé heimilt að verða við beiðni rétthafa um að iðgjöld verði í heild eða hluta bundin í innlánum. Loks er í 1. mgr. annars vegar gert að skilyrði að vörsluaðili, **sem býður upp á fjárfestingarleið þá sem lýst er í málsgreininni**, skuli fara með beiðni rétthafa um fjárfestingu í sjóði eða sjóðum í samræmi við tiltekin ákvæði laga um markaði fyrir fjármálagerninga að því er varðar fjárfestavernd. Hins vegar er gert að skilyrði að hlutir eða hlutdeildarskírteini í sjóðum sem rétthafi velur séu innleysanleg á hverju tíma að beiðni vörsluaðila þar sem rétthafi kann að vilja gera breytingar á fjárfestingum sínum, skipta um fjárfestingarleið eða færa sparnað sinn til annars vörsluaðila. Með heimild til innlausnar á hverjum tíma er átt við að vörsluaðili geti innleyst eign rétthafa hvenær sem er og án takmarkana.



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Smiðja, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2024
Tilvísun: M202404-0214

Efni: Fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar, frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, 916. mál 154. löggjafarþing – umsögn Alþýðusambands Íslands

Alþýðusamband Íslands setur fyrirvara við framlagningu frumvarps á þessum tímapunkti og varar jafnframt almennt við þeim hugmyndum sem felast í áformum stjórnvalda.

Alþýðusamband Íslands skilaði áður umsögnum um málið á Samráðsgátt stjórnvalda. Lýsti ASÍ andstöðu við málið ásamt því að bent var á samráðsleysi. Takmarkaðar breytingar hafa orðið á því frumvarpi sem fjármála- og efnahagsráðherra leggur fyrir Alþingi og byggir þessi umsögn ASÍ því á fyrri umsögnum.

Líkt og fram kemur í greinargerð frumvarps stendur yfir vinna við gerð grænbókar um lífeyriskerfið sem fjármála- og efnahagsráðuneytið boðaði til. Starfshópurinn sem vinnur að grænbók er skipaður aðilum vinnumarkaðar, fulltrúum lífeyrissjóða, ásamt stjórnvöldum. Lýsa á stöðu lífeyriskerfisins, helstu áskorunum þess ásamt því að hvetja til umræðu og lýsa framtíðarstefnumótun líkt og segir í skipunarbréfi. Í skipunarbréfi segir einnig: „Horft er til þess að áframhaldandi samráð verði milli stjórnvalda og aðila vinnumarkaðar sem snýr að hugsanlegum lagabreytingum[...]”.

Breyting á hluta laga lífeyriskerfisins á meðan heildstæð rýni fer fram með breiðum hópi hagsmunaaðila er afar óheppileg og dregur úr vægi yfirstandandi vinnu að grænbók. Sátt um breytingar á hluta lífeyriskerfisins verður ekki eins rík og mætti vera gegnum vinnu breiðs hóps hagsmunaaðila. Ekkert kemur fram í rökstuðningi sem réttlætir að taka þennan þátt lífeyriskerfisins út fyrir heildarrýni í grænbók.

Halda verður til haga að stærri breytingar á lífeyrissjóðakerfinu eru að frumkvæði aðila vinnumarkaðar og í sátt við þá. Mótframlag atvinnurekenda í viðbótarlífeyrissparnaði eru kjarasambandsbundin réttindi sem aðilar vinnumarkaðar sömdu um. Samráð við aðila vinnumarkað skortir í aðdraganda framlagningar frumvarpsins. Tilkynnt samráð var einungis við sjálf stjórnvöld, eigendur viðbótarlífeyrissparnaðar og þá sem hagnast af auknum umsýslu- og þóknunarkostnaði .

Viðbótarlífeyrissparnaður er valfrjáls sparnaður sem ráðstafað er í sjóð að eigin vali og eins er val um fjárfestingarstefnu eða -leið. Eins og er stendur ekkert í vegi þess að viðbótarlífeyrissparnaði sé ráðstafað að vild milli sjóða eða fjárfestingarstefna. Í áformum er ekki að finna neitt um að eigendur viðbótarlífeyrissparnaðar verði betur settir þegar kemur að töku lífeyris verði frumvarpið að lögum. Ásamt háfleygum en innihaldsrýrum rökum um aukið valfrelsi eru aukin skilvirkni fjármálamarkaða og samkeppni þau einu sem færð eru fyrir breytingunum sem frumvarpið felur í sér. Umtalsverð samkeppni er um viðbótarlífeyrissparnað þar sem fjöldi sparnaðarkosta er á áttunda tug. Lífeyrissparnaður,



Alþýðusamband Íslands

bæði kjarasamnings- og lögbundinn skyldusparnaður og viðbótarlífeyrissparnaður sem frumvarpið snýr að, er sparnaður til að tryggja afkomu á efri árum. Það er óvarlegt að breyta reglum um sparnaðinn með annað í huga svo sem skilvirkni fjármálamarkaðar og seljanleika þar.

Með viðbótarlífeyrissparnaði getur launafólk lagt til hliðar fyrir efri árin og notið þeirra með sparnaði umfram þann sem einungis fæst með skyldusparnaði lífeyris. Verði opnað fyrir frekari aðkomu að ákvörðunum um einstakar fjárfestingar með sparnaðinum og breytingum á fjárfestingarstefnu eru líkur á að óþörf áhætta skapist en jafnframt ljóst að minna verður úr sparnaðinum vegna umsýslu- eða þóknunarkostnaðar. Í greinargerð með frumvarpinu er vikið að kostnaði en þar segir: „Þá má ætla að ákvæði frumvarpsins sé til þess fallið að vera kostnaðarsamari í umsýslu fyrir vörsluaðila en aðrar fjárfestingarleiðir sem í boði eru.“

Vakin skal athygli á að þess verður ekki vart að í samfélaginu sé uppi almenn krafa um frelsi í fjárfestingarstefnum og aðkomu að eignastýringu með viðbótarlífeyrissparnað. Hugmyndir í þá átt koma einkum þaðan sem þóknana- og umsýslukostnaður rynni fremur en eigendum viðbótarlífeyrissparnaðar. Ætla mætti að þegar væri brugðist við almennu ákalli um fjölbreyttari fjárfestingarstefnur. Sæju vörsluaðilar hag af auknu framboði sjóða með fjölbreyttari fjárfestingarstefnu væri nú þegar keppst um að hýsa sparnaðinn með síauknu framboði kosta viðbótarlífeyrissparnaðar.

Leggur ASÍ til að starfshópur um grænbók fái að ljúka vinnu áður en breytingar á kerfinu verði að lögum. Alþýðusamband Íslands leggst gegn þeim áformum sem birtast í áformaskjali bæði í ljósi vinnu vegna grænbókar og skorts á rökstuðningi fyrir þeim breytingum á lífeyriskerfinu sem lagðar eru til.

Virðingarfyllst,
f.h. ASÍ

Þórir Gunnarsson
Hagfræðingur



Efnahags- og viðskiptanefnd
Tjarnagata 9 (Smíðja)
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2024
Tilv.: 916. mál, 154. löggj.þ. 2023-2024

Efni: Umsögn Arion banka við drög að frumvarpi til laga um breytingu á lífeyrissjóðalögum (fjárfestingakostir viðbótarlífeyrissparnaðar).

Við er til draga að frumvarpi fjármála- og efnahagsráðherra til laga um breytingu á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða (hér eftir einnig „lífeyrissjóðalögin“ eða „lögin“). Með breytingartillögum frumvarpsins eru lagðar til viðbætur við VII. kafla A laganna sem tekur til fjárfestingarheimilda og fjárfestingarstefnu séreignarsparnaðar. Aðallega er um að ræða tillögur um að vörsluaðilum séreignarsparnaðar verði heimilt að verða við beiðni rétthafa um að iðgjöldum hans til séreignarsparnaðar verði í heild eða að hluta varið til að fjárfesta í innlánnum, tilteknum verðbréfasjóðum, sérhæfðum sjóðum og/eða peningamarkaðssjóðum sem rétthafi velur sjálfur. Í frumvarpinu er lagt til að um heimildarákvæði til handa vörsluaðila sé að ræða. Því er ekki lögð skylda á vörsluaðila að verða við slíkri beiðni rétthafa bjóði hann ekki upp á slíka fjárfestingarleið. Verði frumvarpið óbreytt að lögum taka lögin til framtíðariðgjalda rétthafa og þegar uppsafnaðs sparnaðar hans að heild eða hluta, sé það vilji rétthafa. Þá er í frumvarpinu einnig lagt til að gert verði að skilyrði að hlutir eða hlutdeildarskírteini í þeim sjóðum sem tillagan tekur til sé innleysanleg á hverjum tíma velji rétthafi t.a.m. að gera breytingar á fjárfestingum sínum innan fjárfestingarleiðarinnar, skipta um fjárfestingarleið eða að færa sig á milli vörsluaðila. Þá er að lokum einnig lagt til að kveðið verði sérstaklega á um til hvaða iðgjalds til séreignar heimildin tekur.

Arion banki hf. (hér eftir einnig „bankinn“ eða „Arion“) skilaði inn umsögn í samráðsgátt stjórnvalda bæði við áform um lagasetningu þessa (dags. 22. september 2023) og frumvarpsdrögin (dags. 18. mars 2024) þar sem ákveðnum sjónarmiðum og athugasemdum var komið á framfæri. Tók fjármála- og efnahagsráðherra tillit til einhverra ábendinga, t.d. athugasemd bankans um að lögin ættu einnig að ná til innlána. Fagnar Arion banki þeim breytingum, en telur enn vankanta á frumvarpinu sem koma í veg fyrir að vörsluaðilar séreignarsparnaðar geti boðið upp á nýja fjárfestingarkostinn.

Arion banki vill því koma eftirfarandi athugasemdum og breytingartillögum á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis:

Sértæk úrræði viðbótarlífeyrissparnaðar

Í lífeyrissjóðalögum og öðrum lögum er gilda um lífeyrissjóði er að finna ýmis sértæk úrræði sem gilda um viðbótarlífeyrissparnað. Sjóðfélagar sem hafa gert samning um viðbótarlífeyrissparnað geta notað viðbótarlífeyrissparnaðinn sinn, skattfrjálst, til kaupa á fyrstu íbúð. Fyrstu kaupendur geta notað sparnaðinn fyrir útborgun, greitt inn á lán eða farið blandaða leið og greitt inn á lán og lækkað greiðslubyrði lána. Rétthafi viðbótarlífeyrissparnaðar sem hefur ekki verið eigandi að íbúðarhúsnæði, síðastliðin fimm ár, er einnig heimilt að nýta sér úrræði laga nr. 111/2016 að uppylltum öðrum skilyrðum þeirra.

Fjárfestingarkostur þessi sem frumvarp þetta fjallar um, fellur ekki vel að lögum nr. 111/2016, lífeyrissjóðalögum og reglugerð nr. 991/2014, n.t.t. að sértæku úrræðunum. Þessi fjárfestingarkostur gerir ráð fyrir að sjóðfélagi hafi fullt valfrelsi og vald til þess að ráðstafa viðbótarlífeyrissparnaði sínum. Nýti sjóðfélagi sem valið hefur hin nýja fjárfestingarkost sér einnig sértæka úrræðið og óskar eftir því að greitt sé inn á íbúðarlán með iðgjöldum hans kemur upp sú óhjákvæmilega staða að sjóðurinn þurfi að gripa fram fyrir hendur sjóðfélagsins og stíga inn í ákvörðunarvald sjóðfélagsins um hvaða sjóði eigi að innleysa til þess að greiða inn á lán viðkomandi sjóðfélaga og að hversu miklu leyti. Að mati Arion banka er mikilvægt að sértæku úrræðin nái ekki til nýja fjárfestingakost viðbótarlífeyrissparnaðar svo markmið laganna náist, þ.e. að frelsið sé í höndum sjóðfélagsins en ekki sjóðsins.

Til þess að tryggja valfrelsið þá yrði valið að vera í höndum sjóðfélaga og gætu sjóðirnir ekki gripið fram fyrir hendur sjóðfélagsins. Að mati Arion banka myndi það reynast sjóðnum og sjóðfélögum langsótt í framkvæmd að bjóða upp á sértæku úrræðin á sama tíma og valfrelsi sjóðfélaga yrði tryggt. Þá þyrfti sjóðfélagi að hafa samband við sjóðinn nokkrum dögum fyrir hver einustu mánaðarmót til að innleysa í sjóðnum sem sjóðfélagi á í og vita nákvæmlega hver sú fjárhæð yrði sem þyrfti að losa og í hversu langan tíma sjóðfélaginn getur losað, þ.e. þar til fjárhæðarmörkum laganna er náð. Úrræðið myndi því fela í sér kvaðir á sjóðfélaga hver einustu mánaðarmót sem yrði fælandi fyrir fjárfestingarleiðina.



Til þess að tryggja valfrelsi sjóðfélaga (markmið laganna) og að framkvæmdin verði auðveld fyrir bæði sjóðina og sjóðfélaga þeirra leggur Arion banki til að í lög verði sett ákvæði er takmarkar heimildir sjóðfélaga til þess að nýta sértæku úrræðin á meðan viðkomandi er í þessari fjárfestingarleið. Það að sértæku úrræðin gildi ekki um þessa fjárfestingarleið útilokar ekki að sjóðfélagi geti nýtt sér sértæku úrræðin. Sjóðfélagi getur ávallt óskað eftir að flytja sparnað sinn milli fjárfestingaleiða og í kjölfarið sótt um nýtingu á úrræðinu þegar sparnaðurinn hefur verið fluttur í aðra fjárfestingarleið. Þannig er tryggt að þeir sem vilja nýta sér sértæku úrræðin geta það, en eingöngu í gegnum hinar hefðbundnu fjárfestingarleiðir.

Arion banki leggur því til eftirfarandi breytingar:

- Arion banki leggur til að XVI. og XVII. kafla lífeyrissjóðalaganna verði bætt við texta í sér málsgreingreinar eða aftast í 1. mgr. beggja greina að [undantekning þessi gildi þó ekki um fjárfestingarleið skv. 5. mgr. 39. gr. b. laganna.](#)
- Arion banki leggur einnig til að gildissvið laga nr. 111/2016 um stuðning til kaupa á fyrstu íbúð verði þrengt þannig það nái ekki til þessarar fjárfestingarleiðar. Arion banki leggur til að á eftir „til kaupa á fyrstu íbúð“ í 1. mgr. 1. gr. laganna kemur: [að undanskilinni fjárfestingarleið skv. 5. mgr. 39. gr. b. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.](#)

Ef ekki verður fallist á framangreindar breytingartillögu bankans, leggur Arion banki til vara til að vörsluaðilum séreignarsparnaðar verði að lágmarki veitt val hvort þeir bjóði sjóðfélögum sínum upp á að nýta sértæku úrræðin á meðan þeir nýta sér nýja fjárfestingarkostinn.

Að mati Arion banka þarf einnig að framkvæma mat hvort breyta þurfi fleiri ákvæðum laganna ásamt því að skoða hvort breytingar þurfi að gera á reglugerð nr. 991/2014 um samræmt verklag við ráðstöfun séreignarsparnaðar til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar.

Lykilupplýsingarskjöl

Í 3. mgr. 9. gr. lífeyrissjóðalaganna er gerð krafa um að þeir sem bjóða upp á viðbótartryggingarvernd útbúi og birti lykilupplýsingaskjöl. Lykilupplýsingaskjöl eru hluti af lögbundinni upplýsingagjöf og eru sett fram í þeim tilgangi að hjálpa til við að skilja eðli, áhættu, kostnað, hugsanlegan ávinning og tap af afurðinni og hjálpa til við að bera saman við aðrar afurðir. Vörsluaðilar séreignarsparnaðar gefa út lykilupplýsingaskjöl fyrir hverja fjárfestingarleið. Rekstraraðilar verðbréfasjóða, sérhæfða sjóða fyrir almenna fjárfesta og peningamarkaðssjóða (hér eftir einnig „rekstraraðili sjóða“) gefa einnig út lykilupplýsingaskjöl fyrir sínar afurðir. Sjóðfélagar þeir sem velja sér fjárfestingakost þennan þurfa því að kynna sér tvönn lykilupplýsingaskjöl sem innbyrðis eru ekki eins.

Að mati Arion banka eru lykilupplýsingaskjölín sem vörsluaðilar séreignarsparnaðar útbúa fyrir þennan nýja fjárfestingarkost lítið upplýsandi fyrir sjóðfélaga þar sem lykilupplýsingaskjalið er fyrir leiðina í heild en ekki hvern og einn sjóðfélaga. Valið um fjárfestingarákvörðun er hér alfarið í höndum sjóðfélaga og ætti lykilupplýsingaskjalið að endurspeglar ávallt val hvers sjóðfélaga en ekki leiðar í heild. Lykilupplýsingaskjalið sem vörsluaðili séreignarsparnaðar birtir endurspeglar í þessu nýja tilviki ekki ákvörðun og áhættu hvers sjóðfélaga, heldur leiðarinnar í heild (þ.e. allt vöruúrval vörsluaðila). Þar sem sjóðfélagar haga fjárfestingu sinni með mismunandi hætti (m.a. því áhættuvilji sjóðfélaga er misjafn) þá endurspeglar lykilupplýsingaskjöl vörsluaðila ekki ákvörðun hvers og eins sjóðfélaga. Lykilupplýsingaskjöl rekstraraðila, sem sjóðfélögum ber að kynna sér áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin, eru betur upplýsandi fyrir hvern og einn sjóðfélaga. Er það mat Arion banka að lykilupplýsingaskjöl rekstraraðila endurspeglar fjárfestingarútförina og ákvörðun sjóðfélagans og því ætti að vera nóg að taka mið af henni þegar fjárfestingarákvörðun er tekin. Arion banki leggur til að nýi fjárfestingarkosturinn verði undanskilinn öllum kröfum um útgáfu lykilupplýsingaskjala vörsluaðila séreignarsparnaðar.

Í samræmi við framangreindar athugasemdir leggur Arion banki fram eftirfarandi breytingartillögur á 3. mgr. 9. gr. laga nr. 129/1997:

[Aðilar skv. 3.-5. mgr. 8. gr. sem bjóða upp á viðbótartryggingarvernd skv. II. kafla skulu útbúa lykilupplýsingaskjal í samræmi við II. kafla reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014, sbr. lög um lykilupplýsingaskjöl vegna tiltekinna fjárfestingarútföra fyrir almenna fjárfesta. [Grein þessi á þó ekki við um fjárfestingarleið skv. 5. mgr. 39. gr. b. laganna.](#)]

Aðrar athugasemdir

Í lögum, reglugerðum og reglum, sem og í framkvæmd, er kveðið á um ýmsar skyldur sem liggja á þeim aðilum sem bjóða upp á séreignarsparnað. Slíkir aðilar þurfa að sinni ákveðinni upplýsingaskyldu til opinberra aðila og sjóðfélaga, m.a. með upplýsingagjöf í ársreikningi, skila upplýsingum og skýrslum til Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir einnig „fjármálaeftirlitið“), birta opinberlega ýmsar stefnur og upplýsingagjöf í tengslum við sjálfbærniáhættu. Erfitt getur verið að sinna sömu upplýsingagjöf og áður þegar sjóðfélagar velja þessa fjárfestingarleið. Að mati Arion banka er mikilvægt að lagt verði mat á hvort eðlilegt sé að gera sömu kröfur til þessa fjárfestingarkostar eins og gert er fyrir hinn hefðbundna séreignarsparnað áður en frumvarp þetta verður gert að lögum. Í því skyni telur Arion banki nauðsynlegt



að efnahags- og viðskiptanefnd eigi samtal við fjármálaeftirlitið um aðkomu þeirra að þessum nýja fjárfestingakosti til þess að það verði raunhæft að bjóða upp á þennan fjárfestingarkost. Mikilvægt er að rætt verði við fjármálaeftirlitið um þá upplýsingar- og skýrsluskyldu sem lögð er á vörsluaðila séreignarsparnaðar og hvort eðlilegt sé að sömu kröfur gildi óbreytt um þennan nýja fjárfestingarkost.

Með hliðsjón af framangreindu fagnar Arion banki frumvarpsdrögum og ítrekar stuðning sinn við þær breytingar sem þar eru lagðar til frá fyrri frumvarpsdrögum. Hins vegar sé það mat Arion banka að ekki hefur verið staðið nægilega vel að lagasetningu í kringum þennan fjárfestingarkost og gera verði betur ef þessi fjárfestingarkostur eigi að verða að veruleika hjá vörsluaðilum séreignarsparnaðar. Arion banki hvetur efnahags- og viðskiptanefnd að taka tillit til framangreindra athugasemda og taka frumvarpið til frekari skoðunar áður en það verði lagt til annarrar umræðu á þingi. Arion banki óskar eftir því að fá að koma inn á fund efnahags- og viðskiptanefndar og gera betur grein fyrir sjónarmiðum og athugasemdum bankans við þessi frumvarpsdrög. Jafnframt er Arion banki reiðubúinn til að aðstoða nefndina við frekari útfærslu á framangreindum athugasemdum.

Virðingarfyllst,

Hjörleifur Arnar Waagfjörð, forstöðumaður eignastýringar fagfjárfesta
Snædís Ögn Flosadóttir, forstöðumaður sölu og þjónustu fagfjárfesta
Kristín Ragnheiður Eiríksdóttir, lögfræðingur



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. apríl 2024

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar), 916. mál

BSRB hefur fengið til umsagnar ofangreint frumvarp, sem lagt var fram af þáverandi fjármála- og efnahagsráðherra, þar sem lagðar eru til breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Í frumvarpinu er lagt til að vörsluaðilum séreignarsparnaðar verði heimilað að verða við beiðni rétthafa um að iðgjöldum hans til séreignar verði varið til fjárfestingar í tilteknum sjóði eða sjóðum um sameiginlega fjárfesting. Í greinargerð frumvarpsins er vísað til sáttmála núverandi ríkisstjórnar sem hugðist renna styrkari stoðum undir lífeyriskerfið og sérstaklega vísað til vinnu sem nú er í gangi við gerð grænbókar um kerfið. Í þeirri vinnu fer fram heildstæð rýni með breiðum hópi hagsmunaaðila á lífeyriskerfinu og er henni ekki lokið.

Íslenska lífeyriskerfið er byggt upp af aðilum vinnumarkaðarins og er mikilvægt að breytingar, eins og þær sem frumvarpið boðar, séu gerðar í sátt og á grundvelli samtals við þá aðila. Raunar telur bandalagið að tillögur um stærri breytingar á kerfinu eigi að koma fram að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins. Af þeim sökum sætir það furðu að ráðherra leggi fram frumvarp með þeim breytingum sem um ræðir hér á sama tíma og unnið er að grænbók um lífeyriskerfið. Frumvarpið er því ótímabært og þarfnast þær breytingar sem það felur í sér mun nánari athugunar og rýni, t.a.m. á grundvelli áður nefnds starfshóps.

Með vísan til framangreinds leggst BSRB gegn því að frumvarpið verði samþykkt.

Fyrir hönd BSRB

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Hrannar M. Gunnarsson', is positioned above the printed name.

Hrannar Már Gunnarsson
lögfræðingur



Minnisblað

Viðtakandi Efnahags- og viðskiptanefnd **Dagsetning** 29. maí 2024
Sendandi Fjármála- og efnahagsráðuneytið **Málsnúmer** FJR24030055

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar).

I. Inngangur

Í minnisblaði þessu er að finna viðbrögð fjármála- og efnahagsráðuneytisins við helstu athugasemdom sem bárust í umsögnum til efnahags- og viðskiptanefndar vegna frumvarps til laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða (Þskj. 1361 – 916. mál).

Alls bárust níu umsagnir vegna frumvarpsins, frá Akta sjóðum hf., Nasdaq á Íslandi, Landssamtökum lífeyrissjóða, Alþýðusambandi Íslands, Almenna lífeyrissjóðnum, Samtökum atvinnulífsins, Arion banka hf., BSRB og Seðlabanka Íslands.

II. Meginefni frumvarpsins

Frumvarpið felur annars vegar í sér tillögu um að vörsluaðila viðbótarlífeyrissparnaðar verði heimilað að verða við beiðni einstaklings um að iðgjaldi hans til séreignar verði í heild eða að hluta varið til fjárfestingar í tilteknum tegundum sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem réttthafi velur sjálfur. Þar undir falla samkvæmt tillögum frumvarpsins verðbréfasjóðir, sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta og peningamarkaðssjóðir. Lagt er til að gerð verði krafa um að hlutir eða hlutdeildarskírteini í slíkum sjóðum skuli að beiðni vörsluaðila vera innleysanleg á hverjum tíma til að hann geti brugðist skjótt við beiðni eiganda sparnaðarinnar um breytingar á fjárfestingum. Jafnframt er lagt til að vörsluaðili skuli fara með beiðni einstaklings um val á sjóði eða sjóðum í samræmi við tiltekin ákvæði laga um markaði fyrir fjármálagerninga sem mæla fyrir um fjárfestavernd. Hins vegar felur frumvarpið í sér tillögu um að vörsluaðila verði heimilt að verða við beiðni einstaklings um að iðgjöld hans verði í heild eða hluta bundin í innlánnum.

Verði frumvarpið að lögum hefur það í för með sér að eigandi séreignarsparnaðar mun sjálfur geta valið á milli fjárfestingarkosta til ávöxtunar sparnaðar síns, þó innan þeirra marka sem tillögur frumvarpsins fela í sér. Þannig standa vonir til að einstaklingar verði upplýstari um réttindi sín og hvernig iðgjöldum þeirra til séreignar er varið.

III. Viðbrögð við umsögnum sem bárust efnahags- og viðskiptanefnd

Val á sjóðum um sameiginlega fjárfestingu - Seðlabanki Íslands og Akta sjóðir hf.

Í umsögnum Seðlabanka Íslands og Akta sjóða er talið að frumvarpið taki ekki af allan vafa um hvort að vörsluaðilar séreignarsparnaðar geti takmarkað val réttthafa sparnaðarinnar við tiltekna sjóði sem frumvarpið mælir fyrir um, t.a.m. þannig að réttthafi geti aðeins valið sjóði sem eru í rekstri rekstrarfélags innan samstæðu vörsluaðila. Í umsögn Akta sjóða er því lagt upp hvort að áréttu megi í b. lið 1. gr. frumvarpsins eða í lögskýringargögnum að vörsluaðilar



sem munu bjóða rétthöfum séreignarsparnaðar að nýta þær heimildir sem frumvarpið kveður á um beri að verða við óskum rétthafa um val á fjárfestingarkostum.

Það er mat ráðuneytisins að tillagan í b. lið 1. gr. frumvarpsins, texti greinargerðar og umfjöllun um ákvæðið sjálft séu skýr um að velji vörsluaðili séreignarsparnaðar að bjóða rétthöfum séreignarsparnaðar upp á þá fjárfestingarleið sem frumvarpið mælið fyrir um sé það rétthafinn sjálfur sem velur þá fjárfestingarkosti sem hann telur henta sér best hverju sinni, þó innan marka ákvæðisins. Enga umfjöllun er að finna í frumvarpinu um að vörsluaðilar geti á einhvern hátt takmarkað val rétthafa. Slík takmörkun gengi gegn megin tilgangi frumvarpsins um að vörsluaðila séreignarsparnaðar verði heimilt að verða við beiðni rétthafa um að skilgreindu iðgjaldi til séreignar verði í heild eða að hluta varið til að fjárfesta í tilteknum tegundum sjóða um sameiginlega fjárfestingu sem rétthafi velur sjálfur.

Þá er rétt að geta þessa að Akta sjóðir skiluðu inn sambærilegri umsögn þegar drög að frumvarpi voru kynnt í samráðsgátt stjórnvalda. Líkt og fram kemur í samráðskafla frumvarpsins var áréttað í texta greinargerðarinnar að frumvarpið feli í sér **valfrelsi til handa einstaklingum** sem velja **sjálfir** þá fjárfestingarkosti sem mælt er fyrir um í frumvarpinu. Ráðuneytið telur ekki þörf á að bregðast frekar við athugasemdinni.

Til hvaða vörsluaðila tekur frumvarpið - Almenni lífeyrissjóðurinn

Sjóðurinn beinir því til Alþingis að skerpa á orðalagi frumvarpsins þannig að skýrt sé að tillögur þess taki aðeins til þeirra vörsluaðila sem bjóða upp á þá fjárfestingarleið sem þar er mælt fyrir um en ekki til annarra fjárfestingarleiða lífeyrissjóða og vörsluaðila.

Það er mat ráðuneytisins að af bæði ákvæði frumvarpsins sem og allri umfjöllun í því megi ráða að tillögum þess sé aðeins ætla að taka til þeirra vörsluaðila sem hyggjast bjóða rétthöfum séreignarsparnaðar upp á þá fjárfestingarleið sem frumvarpið mælir fyrir um. Ef sömu skilyrði og frumvarpið mælir fyrir um ættu einnig að gilda um aðrar fjárfestingarleiðir vörsluaðila er það mat ráðuneytisins að þörf hefði verið á því að kveða á um það í ákvæði frumvarpsins. Ráðuneytið telur ekki þörf á að bregðast frekar við athugasemdinni.

Sértæk úrræði viðbótarlífeyrissparnaðar og upplýsinga- og skýrsluskylda – Arion banki

Arion banki leggur til í umsögn sinni að í lög verði sett ákvæði sem takmarki heimildir sjóðfélaga til þess að nýta gildandi sértæk úrræði um nýtingu iðgjalda til séreignar í tengslum við kaup á íbúðarhúsnæði á meðan rétthafi hyggst nýta sér fjárfestingarleið frumvarpsins. Verði ekki fallist á tillögu bankans leggur hann til að vörsluaðilum verði veitt val um hvort þeir bjóði sjóðfélögum sínum upp á að nýta hin sértæku úrræði á meðan þeir nýja sér fjárfestingarleið frumvarpsins. Einnig telur bankinn að meta þurfi hvort eðlilegt sé að sömu kröfur um upplýsinga- og skýrsluskyldu gildi óbreytt um fjárfestingarkost frumvarpsins.

Að því er varðar athugasemd bankans um að fjárfestingarkostur frumvarpsins falli ekki vel að sértækum úrræðum um ráðstöfun rétthafa á séreignarsparnaði í tengslum við öflun íbúðarhúsnæðis telur ráðuneytið, að teknu tilliti til ólíkra samningasambanda vörsluaðila og rétthafa, að vörsluaðilar hafi nú þegar val um hvort að þeir bjóði rétthöfum upp á að nýta hin sértæku úrræði. Í því sambandi má nefna að ráðuneytinu er kunnugt um að t.a.m. Allianz á Íslandi hefur hingað til ekki talið sér stætt á að taka þátt í úrræðunum vegna sérstöðu samninga þeirra. Þannig hefur ekki verið litið svo á að rétthöfum sé tryggður réttur ráðstöfunar iðgjalda



inn á lán eða eftir atvikum til húsnæðiskaupa óháð samningssambandi þeirra við hlutaðeigandi vörsluaðila. Það er því mat ráðuneytisins að ekki sé ástæða til að í lög verði sett ákvæði sem takmarki heimildir rétthafa séreignarsparnaðar til að nýta sértæk úrræði um ráðstöfun séreignarsparnaðar í tengslum við öflun íbúðarhúsnæðis, velji þeir að nýta sér fjárfestingarkosti frumvarpsins. Auk heldur á að gilda um fjárfestingarkosti frumvarpsins innlausnarskylda sem merkir að vörsluaðili á að geta innleyst eign rétthafa, að hans beiðni, hvenær sem er og án takmarkana. Loks telur ráðuneytið eðlilegt að samtal fari fram á milli vörsluaðila, sem hyggjast bjóða upp á fjárfestingarleið frumvarpsins, og eftirlitsaðila afurðarinnar varðandi upplýsinga- og skýrsluskýldu.

Lykilupplýsingar – Arion banki og Seðlabanki Íslands

Í umsögn Arion banka er lagt til að vörsluaðilar sem hyggjast bjóða rétthöfum upp á að nýta sér fjárfestingarleið frumvarpsins verði ekki gert skylt að útbúa og birta lykilupplýsingaskjöl. Bankinn telur að lykilupplýsingaskjöl rekstraraðila sem einstaklingum ber að kynna sér áður en ákvörðun um fjárfestingu er tekin séu betur upplýsandi. Þá greinir í umsögn Seðlabanka Íslands að mikilvægt sé að rétthafar séu vel upplýstir um þann kostnað sem fellur til vegna vals þeirra, sérstaklega kostnað sem fellur til hjá vörsluaðila. Þar sem frumvarpið geri ráð fyrir að aðeins sé unnt að velja sjóði sem nú þegar gefa út lykilupplýsingar telji bankinn að skoða mætti að hvaða marki byggja megi upplýsingagjöf að öðru leyti á þeim skjölum.

Ráðuneytið tekur undir framkomin sjónarmið en telur engu að síður að skylda eigi að hvíla á vörsluaðila til að útbúa og birta lykilupplýsingaskjöl vegna fjárfestingarkosts frumvarpsins m.a. út frá sjónarmiðum um kostnað. Það er því mat ráðuneytisins að þrátt fyrir að lykilupplýsingaskjöl rekstraraðila sjóðanna kunni að vera upplýsandi fyrir rétthafa s.s. varðandi eðli afurðarinnar, kostnað, áhættu, hugsanlegs ávinnings eða taps sé nauðsyn á að vörsluaðili útbúi og birti lykilupplýsingaskjöl innan þeirra marka sem upplýsingar eru ekki að finna í lykilupplýsingaskjali rekstraraðila sjóðanna eða á þær skortir. Ráðuneytið telur að þar undir kunni m.a. að falla upplýsingar um þann kostnað sem fellur til vegna vals sjóðfélaga, þar með talinn þann kostnað sem fellur til hjá vörsluaðila til að m.a. auðvelda rétthafa að bera fjárfestingarleiðina saman við aðra fjárfestingarkosti.

Samspil við lög um markaði fyrir fjármálagerninga, mótaðilaáhætta, 36. gr. laga nr. 129/1997 og útsending yfirlita skv. 18. gr. laganna – Seðlabanki Íslands

Samspil við lög um markaði fyrir fjármálagerninga

Í umsögn Seðlabankans kemur fram að huga þurfi betur að samspili frumvarpsins og laga nr. 115/2021, um markaði fyrir fjármálagerninga, og að skýra þurfi nánar í frumvarpinu hvers konar þjónustu vörsluaðilum verði heimilt að veita. Bankinn telur að vörsluaðili sem mun bjóða rétthafa upp á fjárfestingarleið frumvarpsins sé að veita fjárfestingarþjónustu í skilningi þeirra laga og bendir á að veiting slíkrar þjónustu sé starfsleyfisskyld skv. lögnum. Bankinn tilgreinir í umsögn sinni að það hafi ekki allir vörsluaðilar starfsleyfi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Að aðallega sé þar um að ræða viðskiptabanka og verðbréfafyrirtæki en ekki lífeyrissjóði og líftryggingafélög. Þá fær bankinn ekki séð rökin fyrir því af hverju vörsluaðilum sem með tillögum frumvarpsins eru að fara að veita fjárfestingarþjónustu sé ekki einnig gert að uppfylla önnur ákvæði laganna um fjárfestavernd.

Ráðuneytið tekur undir sjónarmið bankans og leggur til eftirfarandi breytingar á b. lið 1. gr. frumvarpsins:



- a. 1. másl. 1. mgr. orðist svo: *Að fenginni sérstakri heimild Fjármálaeftirlitsins er aðila sem ávaxtar fé sem ætlað er til viðbótartryggingaverndar heimilt að verða við beiðni rétthafa um að iðgjöldum hans verði í heild eða að hluta varið til að fjárfesta í sjóði eða sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem rétthafi velur.*

Með tillögnum er komið til móts við sjónarmið bankans og lagt til að framsetning ákvæðisins verði með sambærilegum hætti og í 3. mgr. 9. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Þar er kveðið á um að rekstraraðilum sé heimilt með sérstakri heimild frá Fjármálaeftirlitinu að annast m.a. móttöku og miðlun fyrir mæla varðandi fjármálagerninga og að við framkvæmd þeirra verkefna skuli fara að lögum um markaði fyrir fjármálagerninga.

- b. 4. másl. 1. mgr. orðist svo: *Þá skal aðili sem ávaxtar fé fara með beiðni rétthafa skv. 1. másl. í samræmi við ákvæði laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021.*

Með tillögnum er komið til móts við sjónarmið bankans um að við framkvæmd á beiðni rétthafa um að hann velji sjálfur hvernig iðgjöld hans skuli ávöxtuð innan marka frumvarpsins skuli fara að lögum um markaði fyrir fjármálagerninga. Sú þjónusta sem í því felst er sambærileg við það að móttaka og miðla fyrir mælum fjárfesta um viðskipti með fjármálagerninga sem lög um markaði fyrir fjármálagerninga taka til.

Mótaðilaáhætta

Í umsögn Seðlabankans er vakin athygli á að fjárfestingum í þeim sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem sjóðfélagi getur valið úr eru nú þegar settar takmarkanir á hámarkshlutfall fjárfestinga í fjármálagerningum útgefnum af sama aðila. Það sé því mat bankans að til einföldunar væri að undanskilja þá fjárfestingarleið frumvarpsins frá mótaðilaáhættu skv. 3. mgr. 39. gr. b. laga nr. 129/1997.

Ráðuneytið tekur undir sjónarmið bankans. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að fjárfestingarleið þess saman standi af fjárfestingum í þeim sjóði eða sjóðum sem rétthafi velur sjálfur. Ef vilji rétthafa stæði til þess að iðgjaldi hans yrði ráðstafað til fjárfestingar í einum sjóði myndi slík ákvörðun hins vegar að óbreyttu ekki samrýmast 3. mgr. 39. gr. b. laganna. Þrátt fyrir að tillagan kunni að fela í sér rýmri heimildir til fjárfestingar tekur ráðuneytið undir þau sjónarmið Seðlabankans um að rétt sé að líta til þess að sá sparnaður sem um ræðir byggist á vali rétthafa og takmarkast við iðgjald til séreignar sem er umfram 15,5% lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs.

Ráðuneytið leggur því til eftirfarandi breytingar á 1. gr. frumvarpsins:

Á eftir a. lið kemur nýr stafliður svohljóðandi:

Á eftir orðinu „fjármálagerningum“ í 3. mgr. kemur: að undanskilinni fjárfestingarleið skv. 5. mgr.

Ákvæði 36. gr. laga nr. 129/1997

Seðlabankinn bendir á að í frumvarpinu er gert ráð fyrir að 36. gr. laganna eigi áfram við þegar rétthafi velur þann fjárfestingarkost sem frumvarpið mælir fyrir um. Í umsögninni kemur fram



að umrætt ákvæði hafi að geyma vísireglu fyrir mótun fjárfestingarstefnu sem eigi illa við þegar rétthafi tekur sjálfur ákvörðun um hvernig viðbótarlífeyrissparnaði hans er ráðstafað.

Sú skylda hvílir á vörsluaðilum séreignarsparnaðar skv. 1. mgr. 39. gr. b. að móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir hverja fjárfestingarleið. Ráðuneytið bendir á að í a. lið frumvarpsins er lagt til að vörsluaðilum verði ekki gert að móta og kunngera fjárfestingarstefnu fyrir þá fjárfestingarleið sem frumvarpið mælir fyrir um. Með vísan til tillögu a. liðar frumvarpsins sem og orðalags 2. mgr. 39. gr. b. laganna um að 36. gr. laganna, sem mælir fyrir um hvaða reglur gilda um fjárfestingarstefnu, gildi **að breyttu breytanda** um fjárfestingar þeirra sem veita viðbótartryggingavernd telur ráðuneytið ekki þörf á að leggja til breytingar á 2. mgr. 39. gr. b. þar sem vörsluaðilum er ekki ætlað að setja fram fjárfestingarstefnu fyrir þá fjárfestingarleið sem frumvarpið kveður á um.

Útsending yfirlita skv. 18. gr. laga nr. 129/1997

Þá telur Seðlabankinn að til bóta væri ef frumvarpið kvæði á um skyldu vörsluaðila til að útbúa árlegt yfirlit yfir ávöxtun fjárfestingarleiðar frumvarpsins enda mikilvægt að rétthafi sé upplýstur um ávöxtun og kostnað sparnaðarins.

Ráðuneytið tekur undir sjónarmið bankans en telur þó að ekki eigi að skylda vörsluaðila til að útbúa árlegt yfirlit yfir ávöxtun og kostnað einnar fjárfestingarleiðar umfram aðra. Við val rétthafa séreignarsparnaðar á fjárfestingarleið hjá vörsluaðila fellur ávallt einhver kostnaður sem rétthafa er jafnvel ekki kunnugt um. Þá er kostnaður hjá vörsluaðilum ekki samræmdur og mishár á milli ólíkra vörsluaðila. Jafnframt bendir ráðuneytið á að rétthafi séreignarsparnaðar getur á rafrænu svæði sínu hjá vörsluaðila fengið upplýsingar um eignastöðu og ávöxtun sparnaðarins, t.a.m. ávöxtun sl. 12 mánuði, auk annarra upplýsinga. Að lokum bendir ráðuneytið á að hér er um að ræða upplýsingar sem eiga að vera rétthafa aðgengilegrar í lykilupplýsingarskjölum.

Aðrar umsagnir

Ráðuneytið telur ekki þörf á að bregðast við því sem fram kemur í umsögn Nasdaq á Íslandi en þar er lagt til að fjárfestingarkostir frumvarpsins verði endurskoðaðir að loknum „hóflegum reynslutíma“. Að lokum er að finna umsagnir frá Alþýðusambandi Íslands, BSRB, Landsamtökum lífeyrissjóða og Samtökum atvinnulífsins sem telja m.a. eðlilegra að starfshópur um gerð grænbókar um lífeyriskerfið fái að ljúka vinnu sinni áður en lagðar eru til breytingar á fjárfestingarheimildum fyrir viðbótarlífeyrissparnað.

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Sent í umsagnargátt Alþingis og á netfangið: umsagnir@althingi.is

Reykjavík, 23. apríl 2024

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar), 916. mál

Landssamtök lífeyrissjóða (LL) vilja með umsögn um ofangreint mál árétta það sem þegar hefur komið fram í umsögnum LL í aðdraganda þessa máls. Áður var birt í samráðsgátt stjórnvalda áformaskjal þar sem áform um breytingar voru kynntar, mál nr. S- 162/2023 og síðar birt til umsagnar drög að því frumvarpi sem nú hefur verið lagt fram á Alþing nánast óbreytt, mál nr. S-83/2024. Skiluðu LL inn umsögn um áformin í samráðsgátt stjórnvalda dags. 22. september og umsögn um drögin að frumvarpi dags. 18. mars sl.

Í umsögnum LL á fyrri stigum er einkum bent á að áformin feli í sér viðamiklar breytingar og að starfshópur sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra þann 22. mars 2023 væri að störfum við gerð grænbókar um lífeyriskerfið. Lýstu LL þeirri afstöðu sinni að rétt væri að umræða um aukið valfrelsi í viðbótarlífeyrissparnaði ætti heima á þeim vettvangi. Í kjölfar þeirrar vinnu, en umræddur starfshópur er enn í dag starfandi, væri rétt að meta hvort æskilegt sé að auka valfrelsi einstaklinga umfram það sem nú er.

Fyrir Alþingi hefur verið mælt fyrir öðru máli sem varðar breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða, 880. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyriréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997. Er þeim breytingum ætlað er að liðka fyrir fjárfestingum lífeyrissjóða í félögum sem hafa það að markmiði að leigja einstaklingum íbúðarhúsnæði til langs tíma.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið á rætur að rekja til samninga aðila vinnumarkaðarins og hefur heilt yfir tekist afar vel til við mótun og uppbyggingu kerfisins. Mikilvægt er að vandað sé til verka þegar kemur að breytingum er varðar lífeyrissparnað sjóðfélaga og sætir ákveðinni furðu að á sama tíma og unnið er að grænbók um lífeyrissjóðakerfið sé farið af stað með rýmkun á fjárfestingarheimildum viðbótarlífeyrissparnaðar. Á þessum tíma verður vart talið brýnt út frá hagsmunum sjóðfélaga að rýmka fjárfestingarheimildir viðbótarlífeyrissparnaðar en hins vegar er **mikilgætt að hafin verði vinna við heildstæða rýni á fjárfestingarheimildum sjóðanna sem taki hvort heldur til fjárfestinga samtryggingar og séreignar.**

LL telja það frumvarp sem hér er til umræðu og markmiðið með þeim breytingum sem um ræðir þarfnist nánari faglegrar rýni og vilja því eindregið árétta ofangreint enda afar æskilegt að fram fari sem fyrst heildstæð yfirferð á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða. Í kjölfar slíkrar vinnu væri eðlilegt að leggja drög að frumvarpi þar sem m.a. yrði tekið á því hvort og þá með hvaða hætti rétt geti verið að auka valfrelsi einstaklinga við ráðstöfun á viðbótarlífeyrissparnaði umfram það sem nú er. Í þessu sambandi skal bent á að sjóðfélagar hafa nú þegar val um fjölda ólíkra fjárfestingarleiða sem skipta vel á áttunda tug. Við breytingar sem þessar er brýnt að neytendasjónarmið verði vandlega yfirfarin og


tryggt að eigi sé unnt án takmarkana og nægilegs eftirlits að auka áhættu og fjárfestingarkostnað einstaklinga þegar kemur að lífeyrissparnaði.

Samkvæmt ofangreindu vilja LL áréttta þá afstöðu sína sem áður hefur verið komið skýrt á framfæri að mikilvægt sé að fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða verði rýndar heildstætt og þar verði hagsmunir sjóðfélaga hafðir í fyrirrúmi.

Að sama skapi telja LL ekki tímabært að gera breytingar á fjárfestingarheimildum fyrir viðbótarlífeyrissparnað enda þarfnast slíkar breytingar nánari rýni áður en farið er í slíkar breytingar á lífeyrissjóðalöggjöfinni.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða



Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri

Reykjavík, 24. apríl 2024

Efni: Umsögn Nasdaq Iceland um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarkostir viðbótar lífeyrissparnaðar), mál nr. 916

Nasdaq Iceland (Kauphöllin) þakkar fyrir tækifærið til að koma á framfæri sjónarmiðum sínum við frumvarp til laga um breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, sbr. mál nr. 916 sem snýr að fjárfestingarkostum viðbótarlífeyrissparnaðar.

Kauphöllin ítrekar þau sjónarmið sín sem komu fram í umsögn sinni við drög að frumvarpi sem kynnt voru í samráðsgátt stjórnvalda 12. mars 2024 (mál nr. S-83/2024), þ.e. Kauphöllin fagnar því að það sé verið að stíga skref í þá átt að auka frelsi einstaklinga til að ráðstafa eigin viðbótarlífeyrissparnaði en telur að eigi að ganga lengra og leyfa einstaklingum að fjárfesta í einstaka skráðum verðbréfum. Sú tillaga sem lögð er fram í frumvarpinu er að mati Kauphallarinnar of varfærin þegar haft er í huga að um viðbótarlífeyrissparnað einstaklinga er að ræða en ekki skyldusparnað. Þá væri hægt að gæta að varfærni með öðrum leiðum, t.d. með hámarki á hlutfalli fjárfestingar í einstaka verðbréfum, með því væri sjónarmiðum um áhættudreifingu mætt. Kauphöllin áttar sig á mikilvægi þess að varfærni sé höfð að leiðarljósi við breytingar á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og að þær séu gerðar í litlum skrefum. Ef ekki er vilji til að gera þær breytingar sem Kauphöllin leggur til í sínum umsögnum, þá leggur Kauphöllin til, með ofangreind varfærnis sjónarmið í huga, að þessar heimildir einstaklinga til fjárfestingar í sjóðum sem frumvarpið tiltekur verði teknar til endurskoðunar að loknum hóflegum reynslutíma með það í huga að opna fyrir fjárfestingar í einstaka skráðum verðbréfum, enda er opnað á það í greinargerðinni þar sem brugðist er við umsögn Kauphallarinnar í máli nr. S-83/2024, „Ekki er talið að svo stöddu rétt að leggja til að frumvarpið taki til annarra fjárfestingarkosta en þar er mælt fyrir um.“

Kauphöllin hefur ekki frekari athugasemdir við drögin og er fús til frekari umræðu og samstarfs um ofangreint mál.

Virðingarfyllt,



Árnína Steinunn Kristjánsdóttir,
yfirlögfræðingur Nasdaq á Íslandi.



Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
sent á umsagnargátt Alþingis

Reykjavík, 26. apríl 2024

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997 (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar), 916. mál

Samtök atvinnulífsins (SA, samtökin) vísa til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 12. apríl þar sem óskað var umsagnar samtakanna um ofangreint mál. Með frumvarpinu verður vörsluaðilum séreignarsparnaðar heimilað að verða við beiðni rétthafa um að iðgjöldum hans verði varið í fjárfestingar í tilteknum sjóði eða sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Þess ber að geta að í gegnum tíðina hafa allar meiriháttar breytingar á lífeyriskerfinu verið gerðar að frumkvæði aðila vinnumarkaðarins eða í náinni samvinnu við þá. Hvorugt á hins vegar við um hið fyrirliggjandi frumvarp. Um þessar mundir stendur yfir vinna starfshóps sem skipaður var af fjármála- og efnahagsráðherra við gerð grænbókar um lífeyriskerfið. Efni þessa frumvarps á vel heima í umræðu á þeim vettvangi. Samtökin benda því á að mögulega er framlagning frumvarpsins ekki tímabær og að eðlilegra væri að ljúka vinnu starfshópsins áður.

Virðingarfyllt,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún B. Gísladóttir

Heiðrún Björk Gísladóttir



26. apríl 2024
Tilv.: 2404042

Nefndasvið Alþingis
b.t. efnahags- og viðskiptanefndar
umsagnir@althingi.is

Efni: Umsögn um 916. mál - frumvarp til laga um breytingu á lögum um lífeyrissjóði (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar).

Með tölvupósti, dags. 12. apríl sl., óskaði efnahags- og viðskiptanefnd eftir umsögn Seðlabanka Íslands um 916. mál 154. löggjafarþings, frumvarp til laga um breytingu á lögum um lífeyrissjóði (fjárfestingarkostir viðbótarlífeyrissparnaðar).

Samspil við lög um markaði fyrir fjármálagerninga

Seðlabankinn telur nauðsynlegt að huga betur að samspili frumvarpsins og laga um markaði fyrir fjármálagerninga, nr. 115/2021 (mffl.).

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að réttthafi geti óskað eftir því við vörsluaðila að iðgjöldum hans verði í heild eða að hluta varið til að fjárfesta í sjóði eða sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem réttthafi velur. Seðlabankinn telur að vörsluaðili sem verður við þessari beiðni veiti fjárfestingarþjónustu í skilningi 16. tölul. 1. mgr. 4. gr. mffl.¹

Veiting fjárfestingarþjónustu er starfsleyfisskyld samkvæmt 1. mgr. 5. gr. mffl. Þrátt fyrir að margir vörsluaðilar lífeyrissparnaðar, svo sem viðskiptabankar og verðbréfafyrirtæki, hafi slíkt leyfi liggur fyrir að það á ekki við um alla. Skal hér sérstaklega bent á lífeyrissjóði og líftryggingafélög í því sambandi.

Ákvæði 1. mgr. 5. gr. mffl. innleiðir 1. mgr. 5. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (MiFID 2 tilskipunin), sem er svohljóðandi:

Hvert aðildarríki skal krefjast þess að veiting fjárfestingarþjónustu og/eða stundun fjárfestingarstarfsemi reglubundið eða í atvinnuskyni sé háð því að fyrir liggja starfsleyfi í samræmi við þennan kafla. Lögbært yfirvald í heimaaðildarríki, sem tilnefnt er í samræmi við 67. gr., skal veita slíkt starfsleyfi.

¹ Ef réttthafi gefur vörsluaðilanum sérstök tilmæli að eigin frumkvæði um í hvaða sjóðum skuli keypt myndi fjárfestingarþjónustan felast í móttöku og miðlun fyrir mæla um einn eða fleiri fjármálagerninga. Ef vörsluaðillinn framkvæmir fyrir mælin kann það að fela í sér sjálfstæða fjárfestingarþjónustu. Ef réttthafinn tæki hins vegar ákvörðunina um val á sjóðum á grundvelli ráðgjafar frá vörsluaðila fælist fjárfestingarþjónustan í fjárfestingarráðgjöf.

Seðlabankinn telur nauðsynlegt að kanna hvort frumvarpið fari gegn framangreindu ákvæði MiFID 2 tilskipunarinnar.

Með því að taka MiFID 2 regluverkið að miklu leyti úr sambandi varðandi þá fjárfestingarþjónustu sem frumvarpið nær til skapast aðstæður fyrir mögulega regluhögnun að mati Seðlabankans, sem gengur gegn markmiðum sem MiFID 2 regluverkið felur í sér, s.s. að auka við og samræma fjárfestavernd á evrópska efnahagssvæðinu.

Að mati Seðlabankans er óæskilegt að slíta í sundur regluverk um veitingu fjárfestingarþjónustu og tilgreina úr því örfá ákvæði sem eiga að gilda um vörsluaðila sem veita fjárfestingarþjónustu í þeim tilvikum sem 1. gr. frumvarpsins greinir. Mikilvægt er að sömu reglur gildi fyrir alla aðila sem veita fjárfestingarþjónustu sem krefst tilskilinna starfsleyfa á grundvelli laga um markaði fyrir fjármálagerninga svo tryggja megi samræmda fjárfestavernd í tengslum við viðskipti með fjármálagerninga.

Seðlabankinn hefur í fyrri umsögnum sínum um breytingar á lögum nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, komið því á framfæri að bankinn telji þörf á að skoða leiðir til að bæta neytendavernd á lífeyrismarkaði.² Í því sambandi hefur m.a. verið bent á að líta megi til meginreglna sem gilda um viðskiptahætti og neytendavernd á öðrum mörkuðum. Seðlabankinn telur ærið tilefni til að halda á lofti sjónarmiðum um að gætt verði að fjárfestavernd nú þegar lagðar eru til breytingar sem heimila vörsluaðilum að veita fjárfestingarþjónustu, sem í dag er einungis heimiluð aðilum sem hafa starfsleyfi til að veita slíka þjónustu og er háð ströngum skilyrðum, þ.m.t. um ríka fjárfestavernd. Að mati Seðlabankans felur sú nálgun sem kemur fram í frumvarpinu, um verulega skerta fjárfestavernd við veitingu fjárfestingarþjónustu á lífeyrissjóðamarkaði, í sér óæskilega þróun á markaði þar sem þegar skortir á neytendavernd.

Verði farin sú leið að heimila vörsluaðilum, sem hafa ekki starfsleyfi samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga, að stunda slíka starfsemi telur Seðlabankinn að breyta þyrfti umræddum lögum þannig að öllum vörsluaðilum verði heimiluð veiting tiltekinna fjárfestingarþjónustu. Þar þyrfti að tilgreina takmörk þeirrar starfsemi og hvaða fjárfestingarþjónustu ætlunin er að heimildin nái til. Seðlabankinn telur jafnframt nauðsynlegt að tilgreina hvort vörsluaðilum verði veitt heimild til að sinna viðbótarstarfsemi sem skilgreind er í 67. tölul. 4. gr. sömu laga (varsla og umsýsla). Til viðbótar við framangreint telur Seðlabankinn að tilgreina þurfi með nákvæmari hætti þær skyldur samkvæmt lögum um markaði fyrir fjármálagerninga sem vörsluaðilum ber að uppfylla.

Í 2. mgr. 1. gr. frumvarpsins segir að um „beiðni“ rétthafa fari samkvæmt 34. og 44.-46. gr. laga um markaði fyrir fjármálagerninga. Seðlabankinn vill taka fram að tilvitnuð ákvæði fjalla ekki um framkvæmd fyrirmæla sem slíkra heldur um skyldur sem hvíla á verðbréfafyrirtækjum við veitingu fjárfestingarþjónustu, jafnvel áður en til viðskipta er

² Umsögn Seðlabanka Íslands við 690. mál á 152. löggjafarþingi, sbr. [152-3589.pdf](#) ([althingi.is](#)).

stofnað (t.d. framkvæmd mats á hæfi samkvæmt 44. gr.³ eða upplýsingagjöf samkvæmt 34. gr.).

Þessu til viðbótar sér Seðlabankinn ekki rök fyrir því hvers vegna vörsluaðilar þurfa einungis að uppfylla kröfur 34. og 44.-46. gr. mffl. og hvers vegna aðrar skyldur sem lög um markaði fyrir fjármálagerninga kveða á um að gildi við veitingu fjárfestingarþjónustu eigi ekki við þegar vörsluaðilar sinna henni.⁴

Mótaðilaáhætta

Samkvæmt frumvarpinu mun 3. mgr. 39. gr. b. laga nr. 129/1997 áfram gilda um viðbótarlífeyrissparnað þeirra sem nýta sér heimild til að veja fjárfestingarkosti en samkvæmt ákvæðinu skal samanlögð eign hvernar fjárfestingaleiðar í fjármálagerningum sem falla undir 2.-6. tölul. 2. mgr. 36. gr. a., útgefnum af sama aðila, ekki vera meiri en 20% af heildareignum. Framangreint hefur í för með sér að sjóðfélagi þarf að veja a.m.k. sex sjóði til að uppfylla skilyrði 3. mgr. 39. gr. b. þar sem ekki er horft til undirliggjandi fjárfestinga að baki skírteinum eða hlutum.⁵ Seðlabankinn bendir á að ekki er ljóst af orðalagi ákvæðisins („[...] um að iðgjöldum hans verði í heild eða að hluta varið til að fjárfesta í sjóði eða sjóðum [...]“) hvort þetta var markmiðið, enda gefur orðalagið hins vegar til kynna að sjóðfélagi eigi að geta valið einn sjóð til að ávaxta viðbótarlífeyrissparnað sinn.

Seðlabankinn bendir á að fjárfestingum þeirra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem sjóðfélagi getur valið úr, eru nú þegar settar takmarkanir á hámarkhlutfall fjárfestinga í fjármálagerningum útgefnum af sama aðila.⁶ Að mati Seðlabankans væri það til einföldunar að undanskilja þá fjárfestingarleið sem frumvarpið mælir fyrir um frá mótaðilaáhættu skv. 3. mgr. 39. gr. b. laga nr. 129/1997 og byggja þess í stað á þeim takmörkunum sem gilda um sjóði um sameiginlega fjárfestingu. Þótt sú tillaga geti falið í sér rýmri heimildir til fjárfestinga má líta til þess að sá sparnaður sem um er að ræða hér byggist á vali réttshafans og takmarkast við það iðgjald til séreignar sem er umfram 15,5% lágmarksiðgjald.

Þá er af frumvarpinu óljóst hvaða, ef einhver, úrræði vörsluaðili hefur til að framfylgja fyrirmælum 3. mgr. 39. gr. b. þegar sjóðfélagi velur sjálfur fjárfestingarkosti. Ef gengisbreytingar valda því að brotið er gegn 3. mgr. 39. gr. b. er til dæmis óljóst hvort vörsluaðili geti gripið til aðgerða án samþykkis sjóðfélagsins.

³ 44. gr. á við þegar veitt er fjárfestingarráðgjöf eða eignastýringarþjónusta. Óljóst er hvort tilvísun frumvapsins til þessa ákvæðis snúi aðeins að fjárfestingarráðgjöfinni eða hvoru tveggja.

⁴ Seðlabankinn bendir til dæmis á að ekki liggur ljóst fyrir hvers vegna ákvæði 33. gr. mffl. um hagsmunaárekstra og 36. gr. mffl. um móttöku þóknana, umboðslauna og annars ávinnings, sbr. reglugerð nr. 976/2021, um verndun fjármálagerninga og fjármuna viðskiptavina, skyldur við vörupróun og um veitingu og móttöku þóknana, umboðslauna eða hvers konar ávinnings, gilda ekki um vörsluaðila skv. frumvarpinu.

⁵ Ekki myndi nægja að velja fimm sjóði, enda gætu minni háttar gengisbreytingar þá valdið því að brotið væri gegn ákvæðinu.

⁶ Sjá t.d. 67. gr. laga nr. 116/2021, um verðbréfasjóði, og 93. gr. laga nr. 45/2020, um rekstraraðila sérhæfðra sjóða.

Ákvæði 36. gr. laga nr. 129/1997

Seðlabankinn vekur athygli á því að áfram er gert ráð fyrir að 36. gr. laga nr. 129/1997 gildi þegar sjóðfélagi velur fjárfestingarkosti viðbótarlífeyrissparnaðar síns. Seðlabankinn telur að ákvæðið, sem hefur að geyma ýmsar vísireglur fyrir mótun fjárfestingarstefnu, eigi illa við þegar sjóðfélagi tekur sjálfur ákvörðun um hvernig viðbótarlífeyrissparnaði hans er ráðstafað.

Val á sjóðum um sameiginlega fjárfestingu

Í frumvarpinu er lagt til að vörsluaðilum séreignarsparnaðar verði heimilað að verða við beiðni réttthafa um að iðgjöldum hans til séreignar verði varið til fjárfestingar í tilteknum sjóði eða sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Seðlabankinn telur að það væri til bóta ef frumvarpið tæki skýra afstöðu til þess hvort vörsluaðili megi á einhvern hátt takmarka val sjóðfélaga við tiltekna sjóði, til dæmis á þann máta að sjóðfélagi geti aðeins valið sjóði sem eru í rekstri rekstrarfélags innan samstæðu vörsluaðila. Ef ætlunin er að vörsluaðili geti ekki sett vali sjóðfélaga nokkrar slíkar skorður væri heppilegt ef það endurspegladist betur í frumvarpinu.

Lykilupplýsingar

Í greinargerð með frumvarpinu segir að kröfur 3. mgr. 9. gr. laga nr. 129/1997, um útgáfu lykilupplýsingaskjala, eigi að gilda um hina sérstöku fjárfestingarleið sem frumvarpið mælir fyrir um.

Að mati Seðlabankans er mikilvægt að sjóðfélagar séu vel upplýstir um þann kostnað sem fellur til vegna vals sjóðfélaga, sérstaklega kostnað sem fellur til hjá vörsluaðila. Í ljósi þess að frumvarpið gerir ráð fyrir að eingöngu sé unnt að velja sjóði sem nú þegar gefa út lykilupplýsingaskjöl telur Seðlabankinn að skoða ætti að hvaða marki byggja megi upplýsingagjöf að öðru leyti á þeim skjölum.

Útsending yfirlita - 18. gr.

Að mati Seðlabankans væri til bóta ef frumvarpið kvæði á um skyldu vörsluaðila til að útbúa árlegt yfirlit yfir ávöxtun fjárfestingarleiðarinnar, sbr. til hliðsjónar 18. gr. laga nr. 129/1997. Gera má ráð fyrir því að kostnaður við einstaka fjárfestingaleiðir sem sjóðfélagi velur sér verði hlutfallslega hærrí en þær séreignaleiðir sem sjóðfélögum stendur nú til boða og því mikilvægt að sjóðfélagi sé vel upplýstur um ávöxtun og kostnað viðbótarlífeyrissparnaðarins.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS

Björk Sigurgísladóttir
varaseðlabankastjóri fjármálaeftirlits

Rannveig Júníusdóttir
frkvstj. skrifstofu bankastjóra

Fullgild rafræn undirskrift

Björk Sigurgísladóttir

26.04.2024 16:56

Fullgild rafræn undirskrift

Rannveig Júníusdóttir

26.04.2024 17:06